

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1410

2018/EES/7/50

frá 2. ágúst 2017

um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Vísindanefndin um öryggi neytenda (SCCS) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 26.–27. júní 2012 ⁽²⁾ að ekki ætti að nota 3- og 4-(4-hýdroxý-4-metýlpentýl)sýklóhex-3-en-1-karbaldehyð (HICC), með INCI-heitið hýdroxýísóhexýl-3-sýklóhexenkarboxaldehyð, 2,6-dihýdroxý-4-metýlbensaldehýð (atranól) og 3-klóró-2,6-dihýdroxý-4-metýlbensaldehýð (klóróatranól) í snyrtivörur því þetta eru þeir lyktaröfnæmisvaldar sem hafa valdið flestum tilvikum snertiofnæmis undanfarin ár.
- 2) Af þessum sökum getur hugsanlega skapast áhætta fyrir heilbrigði manna og því ætti að banna þessi efni í snyrtivörur.
- 3) Í 79. færslu III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 voru settar reglur um 3- og 4-(4-hýdroxý-4-metýlpentýl)sýklóhex-3-en-1-karbaldehyð (HICC) þar sem kveðið er á um að tilgreina skuli efnið í skránni yfir innihaldsefni, sem um getur í g-lið 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar, ef styrkur þess fer yfir 0,001% í vörum sem ekki á að skola burt eftir notkun og 0,01% í vörum sem á að skola burt eftir notkun. Þar eð banna ætti 3- og 4-(4-hýdroxý-4-metýlpentýl)sýklóhex-3-en-1-karbaldehyð (HICC) í snyrtivörur er nauðsynlegt að fella þessa færslu brott.
- 4) Vísindanefndin um öryggi neytenda tilgreindi í álitinu sínu frá 26.–27. júní 2012 að atranól og klóróatranól séu náttúrulegir efnisþættir í útdrætti úr mosa eikartjáa (*Evernia prunastri*) og trjámosa (*Evernia furfuracea*) sem reglur hafa verið settar um í 91. og 92. færslu, eftir því sem við á, í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009.
- 5) Rétt þykir að kveða á um hæfilegan frest til að gera iðnaðinum kleift að aðlagast þessu nýja banni og hætta þ.a.l. að setja viðkomandi vörur, sem innihalda eitt eða fleiri af bönnuðu efnunum, á markað eða bjóða þær fram á markaði. Þegar þessi frestur er ákvarðaður ætti einnig að taka tilhlýðilegt tillit til hugsanlegrar áhættu sem heilbrigði manna stafar af þessum vörum. Þær takmarkanir sem settar eru fram fyrir 3- og 4-(4-hýdroxý-4-metýlpentýl)sýklóhex-3-en-1-karbaldehyð (HICC) í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 ættu að gilda áfram þar til ekki er lengur heimilt að bjóða fram vörur sem innihalda þetta efni. Af þessum sökum ætti að fresta brottfellingu þessarar færslu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 202, 3.8.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 230/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59.

⁽²⁾ Vísindanefndin um öryggi neytenda/1459/11.

- 6) Einkum ætti sérstaklega flókin og tímafrek tilhögun við breytingar á efnasamsetningu ilmefna og áhyggjur neytenda vegna breytinga á lyktareiginleikum ilmefna að endurspeglast í lengri fresti en iðnaðinum er almennt gefinn til aðlögunar á vörum. Birtingarmerki snertiofnæmis af völdum ilmefna eru alla jafna bundin við hörund. Neytendur með snertiofnæmi fyrir lyktarofnæmisvöldum eru oft meðvitaðir um að þeir þola ekki ilmefnavörur á hörundið og geta því forðast þær.
- 7) Því ætti að breyta II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Frá og með 23. ágúst 2019 skal ekki setja snyrtivörur, sem innihalda eitt eða fleiri af þeim efnum sem eru bönnuð með þessari reglugerð, á markað í Sambandinu.

Frá og með 23. ágúst 2021 skal ekki bjóða snyrtivörur, sem innihalda eitt eða fleiri af þeim efnum sem eru bönnuð með þessari reglugerð, fram á markaði í Sambandinu.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 2. liðar í viðaukanum gilda frá 23. ágúst 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. ágúst 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi þrjár færslur bætist við í töflunni í II. viðauka:

Tilvísunarnúmer	Auðkenning efna		
	Efnaheiti/INN	CAS-númer	EB-númer
a	B	c	d
„1380	3- og 4-(4-hýdroxý-4-metýlpentýl)sýklóhex-3-en-1-karbaldehýð (HICC) (*)	51414-25-6/ 31906-04-4/	257-187-9/ 250-863-4/
1381	2,6-díhýdroxý-4-metýlbensaldehýð (atranól) (*)	526-37-4	—
1382	3-klóró-2,6-díhýdroxý-4-metýlbensaldehýð (klóróatranól) (*)	57074-21-2	—

(*) Frá og með 23. ágúst 2019 skal ekki setja snyrtivörur, sem innihalda þetta efni, á markað í Sambandinu. Frá og með 23. ágúst 2021 skal ekki bjóða snyrtivörur, sem innihalda þetta efni, fram á markaði í Sambandinu.“

2) Í töflunni í III. viðauka falli færsla 79 brott.